

135. löggjafarþing 2007–2008.
Þskj. 0 — 1. mál.

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/317
komudagur 14.11.2007

Nefndarálit

um frv. til fjárlaga 2008.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Annar minni hluti telur eðlilegt að auknum fjármunum sé varið til löggæslu og öryggismála svo sem mælt er fyrir í frumvarpi til fjárlaga. Ef frá eru skilin sérstök útgjöld vegna kaupa á varðskipi og flugvél fyrir Landhelgisgæsluna, fjárfestingar sem koma til vegna þess að Landhelgisgæslan er að taka við fjölbreyttari verkefnum, þá kemur í ljós að önnur hækkun til löggæslu og öryggismála nemur 288 millj. kr. Vafasamt er að sú hækkun sé nægjanleg miðað við aukin verkefni sem gera þarf til löggæslunnar við að tryggja öryggi borgaranna m.a. vegna þess að alþjóðleg glæpastarfsemi virðist í auknum mæli teygja anga sína til landsins og nauðsyn er á viðtækara eftirliti og aðgerðum lögreglu. Þá hefur orðið mikil fjölgun í komum ferðamanna og á síðasta ári komu um 15.000 útlendingar til landsins til lengri dvalar. Sú mikla fjölgun útlendinga sem hér dveljast að jafnaði við störf veldur því að löggæslan þarf að sinna auknum verkefnum og stundum flóknari en áður. Ekki er nægjanlega tekið á þeim málum eða fjármunir tryggðir til að löggæslan geti brugðist eðlilega við í þessu efni.

Annar minni hluti telur áform um fangelsisbyggingar vera í ólestri og lýsir vonbrigðum sínum með þær tillögur um fjárveitingar til fangelsisbygginga sem gerðar eru í frumvarpinu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 8 millj. kr. fjárveitingu til fangelsisbygginga og að fjárveitingin lækki um 170,5 millj. kr. frá gildandi fjárlögum. Byggja verður nýtt fangelsi á höfuðborgarsvæðinu m.a. vegna þess að Hegningarhúsið á Skólavörðustíg uppfyllir ekki nútíma kröfur. Rætt hefur verið um að nýtt fangelsi risi á Hólmsheiði. Eins og nú háttar til verður ekki sagt að fangelsisaðstaða á höfuðborgarsvæðinu sé viðunandi.

Annar minni hluti bendir á að mikill aukakostnaður felst í því að á höfuðborgarsvæðinu skuli ekki vera aðstaða til að vista gæsluvarðhaldsfanga. Flestir gæsluvarðhaldsfangar eru af höfuðborgarsvæðinu og sömuleiðis rannsóknarar og verjendur. Mikill tími og kostnaður fer í að flytja gæsluvarðhaldsfanga og ferðir löggæslumanna og verjenda sem greiðist af ríkinu. Það mundi því leiða til verulegs sparnaðar og aukinnar skilvirkni ef gæsluvarðhaldsfangelsi yrði reist sem fyrst á höfuðborgarsvæðinu.

Alþingi, 14. nóv. 2007.

Jón Magnússon.